

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 975

Dagsetning: 28. febrúar 2023 klukkan 9:00

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Hrönn Harðardóttir, svæðisstjóri Geðheilsuteymis vestur, sat fundinn undir lið 2

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

2. Geðheilsuteymi vestur

Hrönn Harðardóttir, svæðisstjóri Geðheilsuteymis vestur, kynnti hugmynd varðandi þróunarverkefni til eins árs. Framkvæmdastjórn tók vel í málið.

II. Efni til Umræðu

3. Fangelsisþjónusta

Rætt um verkefni og mönnun heilsugæsluþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu HH í fangelsum.

4. Húsnæðismál

Rætt um tímabundinn flutning Heilsugæslunnar Grafarvogi í Hraunbæ 115 og önnur húsnæðismál.

5. Uppgjör starfseininga

Umræður um stöðu uppgjörs fyrir árið 2022.

6. Fagfundur HRN

Rætt um fundarefni fyrir næsta fagfund í Heilbrigðisráðuneytinu.

7. Geðheilbrigðismál

Rætt um ráðningu leiðtoga sálfræðinga fullorðinna og stefnu 1. línu þjónustu.

8. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

III. Efni til afgreiðslu

9. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 21. febrúar 2023 rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

10. Samgöngustyrkur

Rætt um bílastæðamál fyrir starfsfólk Heilsugæslunnar Miðbæ og Domus.

Niðurstaða: Starfsfólk fær samgöngustyrk sem það getur látið renna upp í bílastæðakort. Framkvæmdastjóra sviðs fjármála og rekstrar og samskiptastjóra falið að upplýsa starfsfólk um ákvörðunina.

11. Myndsímtöl

Rætt um tilraunaverkefni um myndsímtöl sem er að ljúka.

Niðurstaða: Framkvæmdastjóra lækninga falið að kanna málið.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:45.